



FJÁRMÁLA- OG
EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Sátt um sjálfbært lífeyriskerfi

Samkomulag aðila á opinberum vinnumarkaði
um breytta skipan lífeyrismála.
Samningur ríkis og sveitarfélaga um lífeyrismál.

19. SEPTEMBER 2016



MIKILVÆG SKREF Í ÁTT AÐ SAMRÆMDU LÍFEYRISKERFI

- Nefnd um málefni lífeyrissjóða skipuð í febrúar 2010 í samræmi við 9. tölulið stöðugleikasáttmálans sem var undirritaður af stjórnvöldum og aðilum vinnumarkaðarins þann 25. júní 2009.
 - Nefndarmenn eru sammála um framtíðarsýn, þ.e. samræmt aldurstengt réttindakerfi, 15,5% iðgjald og 67 ára lífeyristökualdur.
- Starfshópur um málefni LSR var skipaður í mars 2011.
 - Helsta verkefni starfshópsins er að finna leið til að rétta af halla A-deildar LSR og tryggja sjóðfélögum sambærileg réttindi í nýju aldurstengdu réttindaávinnslukerfi.



MIKILVÆG SKREF Í ÁTT AÐ SAMRÆMDU LÍFEYRISKERFI

- Kjarasamningar á almennum markaði 2015 – samið um að iðgjald í lífeyrissjóð hækki í áföngum í 15,5%.
- Salek samkomulagið undirritað af ASÍ, BSRB, ríki og sveitarfélögum 27. október 2015. Tekin upp svokölluð launaþróunartrygging.
- Kjarasamningar BSRB haustið 2015 taka mið af Salek samkomulaginu og þeirri launaþróun sem samið var um á almennum markaði.
- Samkomulag við heildarsamtök opinberra starfsmanna um aldurstengd áunnin réttindi og 67 ára lífeyristökualdur í september 2016. Þar með er jöfnun lífeyrisréttinda á almennum og opinberum markaði orðin að veruleika.
- Jöfnun lífeyrisréttinda er forsenda þess að hægt verði að sammælast um nýtt vinnumarkaðslíkan á íslenskum vinnumarkaði.



NÝSKIPAN LÍFEYRISMÁLA OPINBERRA STARFSMANNA

- Samkomulag aðila á opinberum vinnumarkaði um breytta skipan lífeyrismála.
- Til verður eitt samræmt lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn.
- Launafólki verður gert kleift að færa sig milli almenns og opinbers vinnumarkaðar hvenær sem er starfsævinnar án þess að það hafi áhrif á ávinnslu lífeyrisréttinda.



MARKMIÐ SAMKOMULAGSINS

- Lífeyriskerfi landsmanna verði fullfjármagnað og sjálfbært.
- Samræmt lífeyriskerfi þar sem allt launafólk nýtur sambærilegra lífeyrisréttinda hvort sem það starfar hjá hinu opinbera eða á almennum vinnumarkaði.
- Réttindi núverandi sjóðfélaga í A-deildum LSR og Brúar verða jafn verðmæt fyrir og eftir þær breytingar sem samkomulagið felur í sér.
- Stefnt er að því að launakjör fólks á opinberum og almennum vinnumarkaði verði jöfnuð.



HVER ERU ÚTGJÖLDIN?

- Heildarútgjöld hins opinbera nema um 130 milljörðum króna en samsvarandi upphæð hefði að óbreyttu fallið til yfir lengri tíma.
- Ríkið leggur lífeyrisaukasjóði A-deildar LSR til 91,3 milljarða króna. Þar af eru:
 - 57 ma. kr. til að mæta halla A-deildar.
 - 10 ma. kr. vegna breyttra forsendna um dánarlíkur.
 - 24,4 ma. kr. vegna hækkunar á lífeyristökualdri.
- Sveitarfélögin leggja 28 ma. kr. í lífeyrisaukasjóð A-deildar Brúar.
- Samkvæmt samningi ríkis og sveitarfélaga felst í framlagi ríkissjóðs yfirtaka á hlut sveitarfélaganna í skuldbindingum þeirra í A-deild LSR sem nemur 20,1 ma.kr.
- Væri ekkert að gert myndi fyrr eða síðar reyna á óbeina ábyrgð ríkis og sveitarfélaga og mótframlag þeirra hækka verulega um langa framtíð.



VARÚÐARSJÓÐIR TIL STUÐNINGS

- Opinberir launagreiðendur inna af hendi framlög í varúðarsjóði sem ætlað er að styðja við lífeyrisaukasjóði ef á reynir.
- Ríkið reiðir fram 8,4 milljarða króna.
- Sveitarfélögin leggja til 2,4 milljarða króna.
- Ef ekki þarf að grípa til þessara sjóða ganga þeir að 20 árum liðnum aftur til opinberra launagreiðenda að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.



FJÁRMÖGNUN Á FRAMLÖGUM

- Við núverandi aðstæður í ríkisfjármálum verður ekki þörf á að auka skuldir ríkissjóðs í teljandi mæli vegna þessara ráðstafana.
- Gert er ráð fyrir að fjármögnun verði með þrennu móti:
 - Framselja eignir til LSR.
 - Láta af hendi reiðufé.
 - Auka beinar skuldir ríkissjóðs með útgáfu ríkisverðbréfa.
- Fjármögnun sveitarfélaga felst í skuldayfirlýsingu til langs tíma.



2

Jöfnun lífeyrisréttinda

WWW.FJARMALARADUNEYTI.IS



MUNUR Á RÉTTINDUM Í ALMENNUM OG OPINBERUM LÍFEYRISSJÓÐUM – FYRIR BREYTINGAR

Almennir sjóðir:

- Byggjast á föstum iðgjöldum – réttindi skert til að mæta halla á sjóði eða aukin þegar afkoma er góð.
- Ávinnsla réttinda er aldurstengd. Því yngra sem fólk er þegar það byrjar að greiða, því verðmætari réttindi.
- Lífeyristökualdur er 67 ár.
- Starfræktir án ábyrgðar launagreiðenda.
- Iðgjald var 12%. Hækkar í áföngum í 15,5% fram til ársins 2018.



MUNUR Á RÉTTINDUM Í ALMENNUM OG OPINBERUM LÍFEYRISSJÓÐUM – FYRIR BREYTINGAR

A-deildir opinberu sjóðanna

- Byggjast á breytilegu iðgjaldi – iðgjöld launagreiðenda hækkuð til að mæta halla á sjóði.
- Ávinnsla réttinda jöfn – iðgjöld gefa sömu réttindi óháð því hvenær þau eru greidd í sjóðinn.
- Lífeyristökualdur 65 ár.
- Launagreiðendur bera ábyrgð á að iðgjöld standi undir lífeyrisréttindum að fullu.
- Lífeyrisskuldbindingar A-deilda eru ekki færðar í efnahagsreikninga ríkis og sveitarfélaga.
- Iðgjald er 15,5-16%.



HVERS VEGNA JÖFNUN LÍFEYRISRÉTTINDA?

- Á vinnumarkaði þar sem áhersla er á sambærileg kjör og sveigjanleika er mikilvægt að jafna lífeyrisréttindi.
- Aldurstengd réttindaávinnsla í opinberum sjóðum er sanngirnismál fyrir yngri kynslóðir. Gildandi fyrirkomulag opinberu sjóðanna felur í sér tilfærslu réttinda frá yngri sjóðfélögum til hinna eldri.
- Lífeyrissjóðir opinberra starfsmanna eru ekki sjálfbærir með óbreyttu fyrirkomulagi.
- Gildandi fyrirkomulag vinnur gegn sveigjanleika á vinnumarkaði.



SAMRÆMD SKIPAN LÍFEYRISMÁLA

- Aðilar á vinnumarkaði hafa sammælt um að samræma skipan lífeyrismála til framtíðar.
- Iðgjald í almennum lífeyrissjóðum mun hækka í áföngum til jafns við opinbera sjóði og verður samtals 15,5% frá 1. júlí 2018.
- Á opinberum markaði mun réttindaávinnsla breytast úr jafnri í aldurstengda og lífeyristökualdur opinberra starfsmanna hækkar úr 65 árum í 67 ár.
- Núverandi sjóðfélagar geta eftir sem áður farið á lífeyri 65 ára, ef þeir kjósa svo.



JÖFNUN LAUNA

- Það er sameiginleg stefna opinberra launagreiðenda og bandalaga opinberra starfsmanna að laun og önnur kjör hjá ríkinu séu samkeppnishæf.
- Í samkomulaginu er kveðið á um að unnið verði að því að jafna laun á opinbera og almenna markaðinum.
- Lögð verður áhersla á greiningu á launamuni milli opinbera og almenna markaðarins og þróuð aðferðafræði til að meta hann.
- Skilgreind verða viðmið um hvenær beri að leiðrétta launamun einstakra hópa.
- Látið verður á reyna hvort laun milli markaða jafnist við mótun nýs vinnumarkaðslíkans.
- Settur verður á fót samráðshópur opinberra launagreiðenda og heildarsamtaka opinberra starfsmanna. Hópurinn mun setja fram áætlun um hvernig markmiði um jöfnun launa skuli náð innan áratugs með útfærslu í kjarasamningum.
- Á grundvelli kjarasamninga skuldbinda ríki og sveitarfélög sig til að leggja fram fjármuni svo sett markmið náist innan tilskilins tíma.



3

Nýtt samræmt lífeyriskerfi

WWW.FJARMALARADUNEYTI.IS



RÉTTINDI TRYGGÐ MEÐ LÍFEYRISAUKA ...

- Launagreiðendur leggja sjóðunum til ákveðnar fjárhæðir til að bæta sjóðfélögum upp það tap sem þeir hefðu ella orðið fyrir samfara þessum breytingum.
- Framlög þessi mynda svokallaða lífeyrisaukasjóði sem verða í vörslu lífeyrissjóðanna:
 - Ríkið mun leggja lífeyrisaukasjóði A-deildar LSR til 91,3 milljarða króna.
 - Sveitarfélögin munu með samsvarandi hætti leggja lífeyrisaukasjóði A-deildar Brúar til 28 milljarða króna.
- Mismunurinn á gildandi réttindum og réttindum í nýju kerfi skal bættur árlega.
- Framlag úr lífeyrisaukasjóði til hvers og eins ræðst af tryggingafræðilegu mati.



... OG VARÚÐARSJÓÐUM

- Ábyrgð launagreiðanda í dag felst í skuldbindingu um að hækka mótframlag ef halli er á sjóðunum.
- Með nýju kerfi verður þessi bakábyrgð ríkis og sveitarfélaga afnumin til samræmis við það sem tíðkast á almennum markaði.
- Verðmæti óbeinu bakábyrgðarinnar hefur verið metin með tilliti til áhættu og verður bætt með sérstökum varúðarsjóði.
- Varúðarsjóði er ætlað að mæta óvæntum áföllum. Líftími hans er tuttugu ár.
- Heildarstaða A-deilda lífeyrissjóðanna verður í jafnvægi eftir inngreiðslu og sjóðirnir sjálfbærir.



MIKILL ÁVINNINGUR AF NÝJU KERFI

Ofangreindar umbætur leiða til þess að:

- Lífeyrisréttindi alls launafólks verða sambærileg án þess að réttindi starfandi opinberra starfsmanna skerðist.
- A-deildir LSR og Brúar ná jafnvægi í rekstri og verða sjálfbærar. Tugmilljarða króna halla verður eytt.
- Ábyrgð launagreiðanda á réttindum sjóðfélaga verður afnumin.
- Sveigjanleiki á vinnumarkaði eykst.
- Í auglýsingu er að í kjölfar þessara ráðstafana og skyldra áforma verði Ísland, eitt örfárra ríkja í heiminum, með fullfjármagnað og samræmt lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn.
- Slík staða felur í sér afar þýðingarmikinn styrkleika til frambúðar, bæði fyrir fjármál hins opinbera og efnahagskerfið í heild, sem og allt launafólk í landinu.

